

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
08. okt. 2010 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. október 2010
Tilvísun: UST20101000001/ksj

Deiliskipulag - Frístundabyggð í landi Miðengis

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er barst 30. september sl. þar sem óskað var umsagnar um tillögu að breyttu deiliskipulagi við 5. og 6. braut í landi Miðengis í Grímsnesi. Breytingartillagan felur í sér að stærðir 15 frístundalóða eru lagfærðar í samræmi við innsendar athugasemdir og ábendingar frá lóðareigendum. Breytingarnar eru mismiklar eins og fram kemur á deiliskipulagstillögunni. Á deiliskipulagssvæðinu sem er 103 ha er gert ráð fyrir 60 frístundahúsum og eru 51 hús þegar byggð og 9 lóðir eru óbyggðar. Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa hefur frístundabyggðin byggst upp frá árinu 1944 og er með elstu frístundabyggðum á landinu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Náttúruminjar


Umhverfisstofnun bendir á að stór hluti ofangreindrar frístundabyggðar hefur byggst upp á svæði sem er nr. 772 á náttúruminjaskrá, í skránni segir: „*Kringlumýri og umhverfi, Grímsneshreppi, Árnassýslu. Mýrin ásamt nánasta umhverfi. Smámýrarsund innilokuð af hrauni.*“ Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að byggja á þeim lóðum sem eru nýjar og eru inni á Kringlumýrarsvæðinu og umhverfi þess. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda þannig ósnortnum hluta af votlendinu. Í bókinni Íslensk votlendi, verndun og nýting, kemur fram að áætlað er að í byrjun síðustu aldar hafi a.m.k. 1100 ferkílómetrar lands á svæðinu frá Ölfusi að Markarfljóti verið votlent en nú hefur um 97 % þessa lands verið raskað. Umhverfisstofnun minnir á að í stefnumótun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, *Velferð til framtíðar: Áherslur 2006 - 2009*, er eitt af markmiðum til verndar náttúru Íslands að gerð verði áætlun um aukna endurheimt votlendis. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. grein laga nr 44/1999 um náttúruvernd, njóta mýrar og flóar sem eru 3 hektarar eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig eru eldvörp, gervigigar og eldhraun jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar og skal einnig forðast röskun þeirra eins og kostur er.


Innan deiliskipulagssvæðisins er hluti af svæði nr. 747 á náttúruminjaskrá sem er Alviðra og Sog en um það svæði segir í skránni: *“Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi,*

Grimsneshreppi, Árnessýslu. Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun, ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndveðranesi I. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. “ Umhverfisstofnun telur mikilvægt að svæði við strönd Álftavatns verði ekki raskað vegna gróðurs og fuglalífs. Athygli vekur að eldri bústaðir hafa byggst upp nálægt vatninu og að mati Umhverfisstofnunar þarf að taka tillit til svæðis á náttúruminjaskrá ef til endurbyggingar kemur. Einnig minnir Umhverfisstofnun á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal ekki framkvæma nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra, eða eins og segir í reglugerðinni: „4.15.2 Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum. Almenn er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim .”

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það að svæði á náttúruminjaskrá eru ekki merkt á deiliskipulagsupprætti. Á upprættinum er framtíðarsvæði fyrir frístundabyggð sýnt skraferað, það er nokkuð villandi þar sem verndarsvæði eru yfirleitt sýnd skraferuð.

Virðingarfyllt


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun